

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 567/2012 um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar.

1. gr.

Á eftir 7. gr. kemur ný grein, 7. gr. a. svohljóðandi:

Gjald fyrir umsókn um rekstrarleyfi í fiskeldi (ný umsókn, breytt tegund, stækkun) skal vera sem hér segir og er umsókn ekki tekin til afgreiðslu fyrr en gjaldið hefur verið greitt:

Rekstrarleyfisflokkar*	Umsókn um rekstrarleyfi kr.
1. flokkur – landeldi/strandeldi < 20 t	150.264
2. flokkur – landeldi/strandeldi > 20 t	192.004
3. flokkur – sjókvíaeldi, áframeldi, þorskur	250.440
4. flokkur – sjókvíaeldi, laxfiskar < 200 t	292.180
5. flokkur – sjókvíaeldi, laxfiskar > 200 t	333.920

* Skýringar við hvern flokk eru til viðmiðunar.

Fyrir aðra vinnu vegna rekstrarleyfa fiskeldis, meðal annars endurnýjun rekstrarleyfis, framsal, breytingu á staðsetningu búnaðar innan starfssvæðis o.fl., skal greitt tímagjald skv. 8. gr. Hið sama gildir um eftirlit í fiskeldi.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi er sett með heimild í eftirfarandi ákvæðum laga: 25. og 26. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, 11. og 17. gr. laga um slátrun og sláturafurðir nr. 96/1997, 31. og 31. gr. a. laga um sjávarafurðir nr. 55/1998, 8. og 8. gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, 15. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrækt, 33. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og 14. og 14. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í eftirfarandi ákvæðum laga: 25. og 26. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, 11. og 17. gr. laga um slátrun og sláturafurðir nr. 96/1997, 31. og 31. gr. a. laga um sjávarafurðir nr. 55/1998, 8. og 8. gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, 15. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrækt, 33. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og 14. og 14. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 10. september 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Eggert Ólafsson.

Baldur Arnar Sigmundsson.